



Aðalfundur Hestamannafélagsins Sprettis 15. nóvember 2018.

Fundur hófst kl. 20:10.

Fundarstaður: Veislusalur í Samskipahöll Sprettis.

Dagskrá aðalfundar:

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Reikningar félagsins.
5. Lagabreytingar, skv. 20. gr.
6. Kosning aðalstjórnar skv. 6. gr.
7. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara skv. 6. gr.
8. Ákvörðun félagsgjalds.
9. Fjárhagsáætlun 2019.
10. Önnur mál.

1. Fundarsetning

Formaður félagsins, Sveinbjörn Sveinbjörnsson bauð félagsmenn velkomna og setti fundinn klukkan 20:10.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Sveinbjörn leggur til Kristinn Hugason sem fundarstjóra og Rögnu Emilsdóttur sem fundarritara sem er samþykkt einróma.

Kristinn tók við fundarstjórn og þakkar traustið sem honum er sýnt.

Fundarstjóri kynnir dagskrá sem verður hefðbundin og í samræmi við lög félagsins.

3. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri býður formanni Spretts í pontu og flutti hann skýrslu stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári.

Sveinbjörn rakti störf stjórnar í stórum dráttum en verkefni hennar voru fjölmörg á síðasta ári og hélt stjórn reglulega stjórnarfundi sem að urðu á þessu starfsári yfir 30.

Verkaskipting stjórnar á yfirstöðnu starfsári var eftirfarandi:

Formaður: Sveinbjörn Sveinbjörnsson.

Varaformaður: Hermann Vilmundarson.

Gjaldkeri: Lárus Finnbogason.

Ritari: Auður Stefánsdóttir.

Meðstjórnendur: Sverrir Einarsson, Ragna Emilsdóttir og Sigurður Tyrfingsson.

Launaðir starfsmenn á þessu tímabili voru þrír:

Magnús Benediktsson framkvæmdarastjóri í fullu starfi, Jóhanna Elka Geirsdóttir bókarí 50% starfi og Sveinn Gaukur Jónsson var í starfi húsvaðar í hálfu starfi yfir 6 mánaða tímabil. Þakkar formaður þeim fyrir vel unnin störf.

Félagsmönnum Spretts fjölga en heildarfjöldi er nú 1.450 og hvetur formaður alla þá sem halda hesta á félagssvæðinu að gerast félagar.

Glærुकynningu formanns er að finna á heimasíðu félagsins en helstu verkefni stjórnar á þessu tímabili voru eftirfarandi:

I. Fjármál félagsins:

- a. Mikil vinna í fjármálum félagsins en meðal annars voru fundir með forsvarsmönnum beggja bæjarfélaga og rekstrarstyrkur til félagsins hækkað um 30%.
- b. Undirbúningur fyrir LM2022 er komin inn í fjárhagsáætlun Kópavogs á næsta ári og unnið að því í Garðabæ.

II. Niðurstaða í málaferlum við arkitekt Reiðhallar.

- a. Niðurstaða í Hæstarétti kom í júní síðastliðnum þar sem dómur Héraðsdóms var staðfestur og málskostnaður í Hæstarétti felldur niður. Matsgerðinni var ýtt til hliðar og stuðst við mat héraðsdómara á hæfilegu endurgjaldi til arkitekts.
- b. Spretur greiddi 16.150.669 kr. þann 28 júní.

III. Umhverfismál.

- a. Frárennismál á félagssvæðinu eru ekki nægjanlega góð.
- b. Vallasvæði félagsins fylltist af vatni síðasta vetur með tilheyrandi tjóni, hið sama gerðist einnig 2015.

- c. Farið var yfir svæðið með forsvarsmönnum bæjarfélaganna með tillit til lýsingar og frágangs.

IV. Beitarhólf.

- a. Í dag eru um 75 beitarhólf á félagssvæði Spretts, þar af eru um um 40 beitarhólf í Básaskarði, 25 beitarhólf á uppfyllingu ofan gamla keppnisvallarins og um 10 beitarhólf við Samskipahöllina. Næsta sumar er fyrirhugað að taka í notkun amk. 15 ný beitarhólf.

V. Félagshesthús.

- a. 4 ungmenni leigðu pláss síðastliðinn vetur en auglýsing fyrir umsóknir vegna komandi veturs verður birt bráðlega.

VI. Félagsstarf Spretts.

- a. Fjölmargir viðburðir sl. vetur og síðastliðið vor á félagssvæði Spretts og öflugt félagsstarf sem tekið er eftir. Ekkert af þessu væri hægt ef félagsmanna nyti ekki við. Styrkleiki Spretts er klárlega mannauðurinn og formaður þakkar kærlega öllum þeim sem tekið hafa þátt í uppbyggingu og rekstri á öflugum félagsstarfi í Spretti en í félaginu eru starfræktar um 15 nefndir þar sem fjölmargir félagsmenn vinna mjög svo óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

VII. 61. Landsþing LH var haldið á Akureyri 12. – 13. október sl.

- a. Sprettur sendi 23 þingfulltrúa og lagði fyrir þingið nokkrar tillögur.
- b. Landsþingsfulltrúar klofnir í kjöri á formanni og í kjölfarið sögðu margir stjórnarmenn LH af sér.
- c. Íslandsmót allra flokka árið 2019 verður haldið á félagssvæði Fáks af öllum af hestamannafélögum

Adam, Herði, Fáki, Spretti, Sörla, Sóta, Mána og Brimfaxa.

VIII. Reiðhallir Sprettis.

- a. Útleiga á Samskipa- og Húsasmiðjuhöllinni gekk vel en alls voru 140 lyklar seldir seinasta vetur.
- b. Fyrirkomulagi á félagalykli verður með breyttu fyrirkomulagi en frá og með 1. desember 2018 verður einungis boðið upp á 3 mánuðir á 9.000 kr, eða 6 mánuði á 12.000 kr.
- c. Atvinnumannalykill hækkar í kr. 20.000 á mánuði frá 1. Desember 2018.
- d. Opnunartími næsta vetur verður óbreyttur og er frá kl. 14:00 – 23:00 á virkum dögum og 7:00 – 23:00 um helgar.
- e. Húsasmiðjuhöllin var tekin öll í gegn og endurbætt og tókst vel til við þær framkvæmdir og er það gott dæmi um styrk félagsmanna Sprettis. Einnig var þar tekið upp lyklakerfi.

IX. Landsmót hestamanna.

- a. Sprettur sendi stóran og glæsilegan hóp keppenda á mótið.
- b. Tólf efstu í hverjum flokk á Gæðingamóti Sprettis unnu sér þátttökurétt en Sprettur sendi 14 hesta í hverjum flokk á LM.
- c. Sprettur greiddi skráningargjöld barna, unglinga og ungmenna og fékk þessi hópur einnig veglegan Landsmótspakka frá Equisana og Spretti.

Árangur félagsmanna á mótinu var frábær og átti Sprettur fulltrúa í öllum A úrslitum á Landsmótinu fyrir utan A flokk.

d. Tveir Sprettara voru landsmótssigurvegarar:

- i. Guðný Dís Jónsdóttir sigraði barnaflokk á Roða frá Margrétarhofi.
- ii. Bríet Guðmundsdóttir sigraði ungmennaflokk á Kolfinni frá Efri-Gegnishólum.

X. Íslandsmót.

a. Sprettur bauðst árið 2017 til að halda Íslandsmót allra flokka árið 2018. Undirbúningur var í fullum gangi fyrir mótið í Spretti þegar sá kostnaður lá fyrir sem þyrfti að leggja í vallasvæði okkar v/flóða síðastliðinn vetur og líklegt í ljósi frárennslismála að allar slíkar úrbætur myndu einungis vera tímabundnar. Stjórn vildi sýna aðhald í rekstri og var því samið við Hestmannafélagið Fák um að fá afnot af þeirra svæði þar sem mótsvæðið í Víðidal var fullbúið enda Landsmót haldið þar nokkru fyrr. Íslandsmótið og samstarf við Fák gekk vel í alla staði og þökkum við Faki fyrir lánið á svæðinu.

b. Tveir Sprettarar urðu Íslandsmeistarar.

- I. Guðný Dís Jónsdóttir í tölti barnaflokki.
- II. Kristófer Darri Sigurðsson í fimmgangi unglíngaflokki.

XI. Veislusalur.

a. Leiga á veislusal gengur vel og voru nær allar helgar bókaðar í sumar, næsta ár lítur vel út, mikil ásókn í salinn fyrir fermingar og brúðkaup.

b. Kostnaður vegna þrifa er að aukast og verið er að skoða þau mál en sá kostnaður skiptist á veislusal og reiðhöll.

Ljóst að mörg verkefni liggja fyrir nýrri stjórn en mikil áhersla mun verða á fjárhag og aðhald í rekstri enda er brýnt er að koma þeim í betra horf og minnka skuldir félagsins. Nauðsynlegt er að vinna með og auka samstarf og aðkomu bæjarfélaganna og eru allar hugmyndir frá félagsmönnum vel þegnar.

Að þessu sinni ganga þrír aðilar úr stjórn, Hermann Vilmundarson, Sigurður Tyrfingsson og Ragna Emilsdóttir en ekkert þeirra gefur kost á sér til áframhaldandi setu. Þakkar formaður þeim öllum samstarfið.

Fjölmargir viðburðir framundan hjá Spretti og í mannvirkjum á svæðinu og bendir formaður meðal annars á formlega opnun á glæsilegri reiðleið um Grunnuvötn á næstunni.

Það er mikil ásókn í félagið og öflugt námskeiðahald og eru félagsmenn eru beðnir um að fylgjast með á dagatali Sprettara á heimasíðunni www.sprettarar.is.

Fundarstjóri þakkaði Sveinbirni fyrir greinagóða skýrslu og benti fundargestum á að fyrirspurnum yrði svarað á eftir að gjaldkeri hefði lagt fram reikninga félagsins samkvæmt dagskrá.

4. Reikningar félagsins.

Kristinn bauð Lárus Finnbogason gjaldkera félagsins orðið.

Gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins til samþykktar sem félagslega kjörnir skoðunarmenn hafa yfirlit.

Gjaldkeri yfirlit helstu tölur efnahagsreiknings og rekstrarreiknings félagsins en reikningar félagsins með skýringum lágu frammi á borðum fyrir fundarmenn.

Rekstrartekjur		
Félagsgjöld		6.273
Tekjur nefnda		25.637
Tekjur af fasteignum		19.673
Lottotekjur		2.190
Styrkir bæjarfélaga		20.749
Alls		74.522

Rekstrargjöld		
Stjórnunarkostnaður		1.720
Gjöld nefnda		24.525
Kostnaður af fasteignum		22.576
Laun og launatengd gjöld		15.159
Framlag til LH		1.475
Vörukaup til endursölu		727
Alls		66.181

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur		162
Vaxtagjöld o.þ.h.		-3.541
Hagnaður ársins		4.962

Eignir		
Varanlegir rekstrarfjármunir		224.197
Langtímakröfur		558.654
Veltufjármunir		7.955
Eignir alls		790.806
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		742.892
Skammtímaskuldir		47.914
Eigið fé og skuldir alls		790.806

Fundarstjóri bauð fundarmönnum upp á fyrirspurnir vegna skýrslu formanns og gjaldkera.

Halldór Halldórsson tekur til máls og hvetur til þess að gengið verði almennt úr skugga um að þeir sem séu að nýta sér félagssvæði og aðstöðu Spretts greiði félagsgjöld. Lárus Finnbogason tekur heilshugar undir orð Halldórs en bendir á að þegar greiðsluseðlar voru sendir út síðastliðið vor að þá hafi fjöldi félagsmanna ekki verið réttur vegna þess að gagnabanki hafi verið úreltur. Framlög til félagsins eru í beinu sambandi við fjölda félagsmanna og því brýnt að skráningar séu réttar. Lárus hvetur fundarmenn og félagsmenn almennt að hvetja þá sem stunda hestamennsku á svæðinu að skrá sig í félagið.

Fundarstjóri ítrekar að orðið sé laust varðandi skýrslu stjórnar og reikninga félagsins en ekki berast fleiri erindi eða athugasemdir úr sal og er skýrsla og reikningar bornir upp til samþykktar.

Reikningar félagsins og skýrsla stjórnar fyrir árið 2018 eru samþykktar einróma.

5. Lagabreytingar skv. 20. gr.

Engar tillögur um lagabreytingar eru lagðar fram.

6. Skv. lögum félagsins fór fram kosning til stjórnar.

Að þessu sinni er kosið var um þrjú stjórnarsæti. Úr stjórn félagsins gengu Hermann Vilmundarson, Ragna Emilsdóttir og Sigurður Tyrfingsson en þau gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu og hafa þrír aðilar lýst áhuga á stjórnarsetu:

- Margrét Tómasdóttir
- Kristján Ríkharðsson
- Ólafur Karl Eyjólfsson

Fundarstjóri auglýsir eftir öðrum framboðum úr sal og gefur Brynja Viðarsdóttir kost á sér til stjórnarsetu.

Fundarstjóri býður frambjóðendum að kynna sig fyrir félagsmönnum áður en kosning fer fram og gera þeir það allir nema Kristján Ríkharðsson sem er fjarverandi en formaður Spretts kynnir hann fyrir hans hönd.

Að því loknu kallar fundarstjóri til Guðmund Hagalínsson formann kjörstjórnar til en kosning fer þannig fram að fundarmenn rita 3 nöfn á kjörseðil. Er kjörseðlum dreift til fundagesta og fer kosning fram. Kjörseðlum safnað saman og talning hefst og eru niðurstöður tilkynntar síðar á fundinum þegar þær liggja fyrir af

formanni kjörstjórnar Spretts Guðmundi Hagalínssyn og úrslit eru þessi:

- Margrét Tómasdóttir 61 atkvæði
- Ólafur Karl Eyjólfsson 57 atkvæði
- Kristján Ríkharðsson 46 atkvæði
- Brynja Viðarsdóttir 43 atkvæði

Eru því Margrét, Ólafur og Kristján kosin til stjórnarsetu í Sprett.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara skv. 6. gr.

Tillaga liggur fyrir og er borin upp af fundarstjóra um tvo skoðunarmenn reikninga þau Helgu Hermannsdóttur og Pétur A Maack og eru þau einróma kjörin með lófataki. Guðmundur Hagalínsson og Kristín Njálisdóttir voru sömuleiðis kosnir skoðunarmenn til vara.

8. Ákvörðun félagsgjalds 2019.

Lárus Finnbogason gjaldkeri kynnir fyrir hönd stjórnar Spretts tillögu um hækkun félagsgjalds sem verði sem hér segir 2019:

- Fullt gjald kr. 15.000.
- Öryrkjar kr.7.000.
- Ungmenni kr.7.000.

Gjaldfrjálsir eru:

- Eldri borgarar fæddir 1952 og fyrr.
- Börn og unglingar fædd 2002 og síðar.

Að auki eru svokallaðir Vinir Spretts þeir sem ekki eru í hestamennsku eða gjaldfrjálsir félagsmenn sem vilja vera styrktaraðilar kr. 10.000 á ári.

Fundarstjóri óskar eftir viðbrögðum og fyrirspurnum úr sal en engar berast og er tillaga þessi samþykkt samhljóða.

9. Fjárhagsáætlun 2019.

Fundarstjóri býður gjaldkera í pontu til að kynna fjárhagsáætlun félagsins 2019.

Gjaldkeri gerði grein fyrir rekstraráætlun/fjárhagsáætlun:

Rekstrartekjur		
Félagsgjöld		7.500
Tekjur nefnda		26.000
Tekjur af fasteignum		21.000
Lottotekjur		2.200
Styrkir bæjarfélaga		22.000
Alls		78.700

Rekstrargjöld		
Stjórnunarkostnaður		1.800
Gjöld nefnda		23.000
Kostnaður af fasteignum		21.000
Laun og launatengd gjöld		16.500
Framlag til LH		1.500
Vörukaup til endursölu		1.000
Alls		64.800

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	
Vaxtatekjur	200
Vaxtagjöld o.þ.h.	-5.200
Hagnaður ársins	8.900

Fundarstjóri þakkar gjaldkera fyrir kynningu og bendir á að orðið sé laust fyrir fyrirspurnir tillögur eða athugasemdir en engar berast og er Fjárhagsáætlun/rekstraráætlun samþykkt og afgreidd án athugasemda.

10. Önnur mál.

Fundarstjóri býður orðið laust fyrir félagsmenn.

Jenny Eriksson beinir fyrirspurn til stjórnar um hvort til standi að endurskoða áhættumat í reiðhöllinni þar sem hún hafi lent í atvikum í reiðhöll þar sem aðstaða í reiðhöll hafi valdið því að hross hafi brugðist við umgengni inn og úr höll með þeim hætti að hún hafi dottið af baki.

Formaður svarar að það sé ekki á döfinni að breyta höllinni en hins vegar sé nauðsynlegt að skerpa á þeim umgengisreglum sem eiga að gilda fyrir alla félagsmenn og jafnframt að taka megi vel til greina að setja glugga á hurð sem er á milli andyris á höllinni og reiðhallar.

Þorsteinn Ragnarsson tekur því næst til máls og þakkar stjórn og öllum þeim sem koma hafa að starfinu fyrir vel unnin störf og óskar öllum velfarnaðar og hvetur til dáða og góðra verka.

Fundarstjóri vekur athygli á þeirri hættu sem stórgrýti getur valdið á reiðvegum Kópavogsmegin, rifjar upp slys sem átti sér stað þegar reiðmaður með 3 til reiðar lenti á þremur steinum með þeim afleiðingum að eitt hross hruflost illa og annað dettur, mildi að ekki fór verr og að knapi hafi ekki slasast. Leggur til að notkun stórgrýtis verði hætt þar sem það geti valdið hættu og bendir á að ný og glæsileg reiðleið um Grunnuvötn sé ekki með slíkt.

Halldór Halldórsson formaður reiðveganefndar tekur til máls og segir tilganginn með stórgrýti sé að hindra bílaumferð sem skapi ekki síður hættu. Það sé þó um misjafnt verklag að ræða við framkvæmt og lagningu reiðvega hjá bæjarfélögum þar sem Kópavogur sjái um framkvæmdir á því svæði en Garðabær leggi fram fjárframlag sem reiðveganefnd ráðstafi og því sé hægara um vik að hafa áhrif á með hvaða hætti umferð ökutækja um reiðvegi er hindruð.

Reynir Magnússon tekur til máls og bendir á að ekki sé síður um hættur að ræða við Heimsenda vegna bílaumferðar þar sem hann hafi tvívegis dottið af baki vegna þess að bílaumferð þarna um sé mikil.

Fleira kemur ekki fram og fundarstjóri gaf Sverri Einarssyni orðið en á fundinum voru veittar viðurkenningar til unga fólksins í félaginu.

Hvatningaverðlaun

Veitt voru hvatningaverðlaun í barna- og unglíngaflokkí. Við val á einstaklingum er horft til áhuga, ástundun, framfara og til þáttöku í viðburðum félagsins, í keppni og námskeiða þáttöku hjá félaginu. Einungis er hægt að hljóta þessi verðlaun einu sinni.

Hvatningaverðlaun Spretts 2018 Börn hlutu:

Hulda Ingadóttir.

Þorbjörg H. Sveinbjörnsdóttir.

Inga Fanney Hauksdóttir.

Arnpór Hugi Snorrason.

Hvatningaverðlaun Spretts 2018 Unglíngar hlutu:

Þórunn Björgvinsdóttir.

Kristína Rannveig Jóhannsdóttir.

Í flokknum Besti keppnisárangur 2018 fengu eftirfarandi aðilar viðurkenningar:

Barnaflokkur stúlkur:

Guðný Dís Jónsdóttir.

Barnaflokkur drengir:

Ragnar Bjarki Sveinbjörnsson.

Unglíngaflokkur stúlkur:

Hulda María Sveinbjörnsdóttir.

Unglíngaflokkur drengir:

Kristófer Darri Sigurðsson.

Ungmenni - stúlkur:

Bríet Guðmundsdóttir.

Ungmenni – drengir:

Hafþór Hreiðar Birgisson.

Sprettur óskar öllu þessu frábæra íþróttafólki innilega til hamingju með góðan árangur á tímabilinu.

Fundarstjóri þakkaði fundarsetu og góða og málefnalegar umræður.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 22:15

Fundargerð ritaði Ragna Emilsdóttir